

## LÖG

### um breytingu á lögum um Ríkisútvarpið, fjölmiðil í almannabágu, nr. 23/2013 (upplýsingaréttur almennings).

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 18. gr. laganna:

a. 2. mgr. orðast svo:

Þegar takmarkanir á upplýsingarétti almennings samkvæmt upplýsingalögum eiga ekki við er skylt að veita upplýsingar um eftirtalin atriði sem varða starfsmenn Ríkisútvarpsins:

- a. nöfn og starfsheiti umsækjenda um starf, þegar umsóknarfrestur er liðinn,
- b. nöfn starfsmanna og starfssvið,
- c. föst launakjör annarra starfsmanna en æðstu stjórnenda,
- d. launakjör æðstu stjórnenda, og
- e. áherslur og kröfur um árangur í starfi æðstu stjórnenda sem fram koma í ráðningarsamningi eða öðrum gögnum og upplýsingar um menntun þeirra.

b. Við bætast tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Enn fremur er heimilt að veita upplýsingar, aðrar en viðkvæmar persónuupplýsingar, um viðurlög í starfi sem æðstu stjórnendur hafa sætt, þar á meðal vegna áminninga og brottvísana, enda séu ekki liðin meira en fjögur ár frá þeirri ákvörðun sem um ræðir.

Almenningur á rétt til aðgangs að upplýsingum skv. 2. mgr. jafnvel þótt þær sé ekki að finna í gögnum sem tilheyra tilteknu máli.

c. Fyrirsögn greinarinnar verður: *Önnur lög og upplýsingaréttur almennings.*

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört á Bessastöðum, 29. apríl 2021.*

**Guðni Th. Jóhannesson.**

(L. S.)

\_\_\_\_\_  
*Lilja D. Alfreðsdóttir.*